

17

9. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „3 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 12 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

18

12. apríl

F J Á R A U K A L Ö G

fyrir árið 1952.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1952, eru veittar kr. 58 832 808.91 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstmál	kr.	588 172.35
en tekjur fóru kr. 336 656.24 fram úr fjárlagaáætlun.		
2. Síminn	—	2 538 797.34
af kr. 5 000 574.53 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
3. Áfengisverzlun ríkisins	—	1 168 775.83
en brúttótekjur urðu kr. 508 948.45 umfram fjárlagaáætlun.		
4. Tóbakseinkasala ríkisins	—	392 021.23
en brúttótekjur urðu kr. 8 863 135.78 umfram fjárlagaáætlun.		
5. Ríkisútvarpið	—	1 629 484.23
en tekjur fóru kr. 480 356.40 fram úr fjárlagaáætlun.		
Viðtækjaverzlunin	—	267 082.98
af kr. 522 208.59 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	270 274.75
af kr. 428 197.52 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		